

Ullarpóf

Júlíana Þorvaldsdóttir og
Þórunn Eiríksdóttir



NÁMSGAGNASTOFNUN

Í svörum við spurningalistum þjóðháttadeildar H.Í.
eru eftirfarandi þófaravísur:

Bárður minn á jökli
leggstu nú á þófið mitt
ég skal gefa þér lóna
innan í skóna
naglabrot í skipið þitt
ef þú leggst á þófið mitt.

Bárður minn á jökli, leggstu á þófið mitt
ég skal gefa þér lóna innan í skóna
vettlinga á klóna
þegar ég kann að þrjóna.
Naglabrot og gimbrarskel
og meira ef þú þæfir vel.
Ég skal gefa þér lamb úr stekk.
Það skal vera hvítt og svart
og mórautt undir bógnum í skógnum.

Lexis.is (sótt 11. apríl 2005).

Efnisyfirlit – áætlun

Um námsefnið	4
1. Ull	5
1.1 Hvað er ull?	5
1.2 Íslenska ullin	5
2. Saga þæfingar	6
2.1 Þófi og þæfing á Íslandi	6
2.2 Þófi	6
2.3 Þæfing í öðrum löndum	6
2.4 Þæfing á seinni tímum	7
3. Orðanotkun	8
4. Efni og áhöld	9
4.1 Það sem þarf fyrir hvern nemanda	9
5. Vinnulýsingar	10
5.1 Flatt stykki	10
5.2 Utan um snið	18
5.3 Þæfður skór	23
5.4 Þæft utan um frauðplastegg	24
5.5 Þæft utan um hnykil	27
5.6 Þæfð kúla úr ullarkembu	28
5.7 Lengja þæfð	29
5.8 Forþæfð ull	32
6. Hugmyndir að kennsluverkefnum	33
7. Hagnýt ráð	36
8. Heimildaskrá	38

Um námsefnið

Námsefnið er hugsað sem gagnlegar upplýsingar fyrir textilkennara um sögu, áhöld, vinnulýsingar og verkefnahugmyndir í þæfingu á íslenskri ull.

Handverk á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, heimilisiðnaðinum þar sem unnið er út frá hefð og rótgróinni þekkingu á efnum og aðferðum. Þeim menningararfi ber að skila áfram í takt við þá tíma er þjóðin lifir hverju sinni.

Okkur þótti tilvalið að hefja íslensku ullina til vegs og virðingar inni í grunnskólanum. Að þæfa úr íslenskri ull er ein leið af mörgum til að ná því markmiði. Á síðustu árum hefur áhugi á ullarþæfingu vaxið hér á landi. Fram að þessu hefur lítið sem ekkert verið gefið út á íslensku um þæfingu og fannst okkur það nauðsynlega vanta. Tilgangurinn með þessu námsefni er að bæta úr því og sérstaklega að vekja áhuga textilkennara á að taka upp markvissa kennslu í þæfingu í grunnskólum. Við kynnum sögu þæfingar og menningarlegt gildi til að vekja alla til umhugsunar um hvernig uppruni og menning hafa haft áhrif á þróun þæfingar í gegnum árin. Við sýnum grunnvinnulýsingar og hugmyndir til að styðjast við. Verklýsingarnar byggjast á reynslu okkar við þæfingu en mikilvægt er að hver og einn finni sína aðferð og leiðir til að ná settum markmiðum. Þessar lýsingar okkar eru langt frá því að vera tæmandi og sífellt þarf að huga að því að bæta við og aðlaga verkefnin eftir reynslu hvers og eins.

Við gefum líka hugmyndir að verkefnum fyrir nemendur í grunnskólanum. Verkefnahugmyndirnar eru hugsaðar sem kveikjur að frekari útfærslum og hugmyndavinnu með nemendum. Aldrei má gleymast að hugmyndaferlið er stór þáttur í allri sköpun og þarf að gæta þess að nægur tími sé gefinn fyrir þá vinnu. Það skilar árangri að leggja vinnu í hugmyndaferlið og nemendur fá þá tækifæri til að skapa sína hugmynd út frá sínum eigin reynsluheimi. Alltaf þarf að hafa opinn huga fyrir því sem er að gerast og hvað höfðar til nemenda hverju sinni, litir, form og stærðir breytast frá ári til árs. Við vonum að þessi samantekt eigi eftir að koma að góðu gagni fyrir textilkennara og aðra sem hafa áhuga á þæfingu úr íslenskri ull.

1. Ull

1.1 Hvað er ull?

Ull er mynduð úr eggjahvítu efni. Það er sama efni og er í hári og nöglum á mönnum. Til eru margar gerðir af ull og er talið að um 200 mismunandi tegundir séu til í heiminum og eru eiginleikar þeirra mismunandi. Fínasta sauðauillin er merínó-ull. Hún er mjög fingerð, mjúk, hrokkinn og stutt. Grófarari ullartegundir eru t.d. crossbred-ull. Hún er lengri og sléttari og hefur mikið slitþol. Íslenska ullin er mitt á milli þessara tegunda.

Hvernig þæfist svo ullin? Á hverju ullarhári eru hreistursflögur sem eru forsenda fyrir því að hægt sé að þæfa ull. Þegar ullarhár blotnar opnast hreistursflögurnar, heitt vatn og sápa mýkir ullina enn frekar og við hreyfingu til viðbótar krækjast flögurnar saman og úr verður póf.

1.2 Íslenska ullin

Frá landnámsöld og fram á okkar daga hefur ullin verið þýðingarmesta textílefnið fyrir okkur Íslendinga. Landnámsmenn fluttu sauðfé með sér til Íslands. Flest voru klæði þeirra ofin úr ullarbandi og verkunnátta þeirra tengd nýtingu ullarinnar var á allháu stigi. Hjá Íslendingum urðu heimaunnir vaðmálsdúkar og síðan handþrjónaðar ullarvörur snemma þýðingarmikil verslunarvara.

Helstu sérkenni íslensku ullarinnar eru þau að hún skiptist annars vegar í langt og fremur gróft tog sem oft er gljáandi og hins vegar í fremur stutt, mjög fínt, létt og fjaðrandi þel.

Íslenska ullin er hráefni sem ekki hefur verið nógu vel nýtt á undanförunum árum en svo virðist sem hún sé að verða vinsælli allra síðustu árin. Tilvalið er að nota hana til þæfingar í skólum. Á síðustu árum er farið að flytja inn erlenda ull sem er mýkri og hentar betur í flíkur. Íslenska ullin er grófari og meðfærilegri fyrir verkefni sem við höfum valið að fjalla um. Við höfum valið að nota íslenskt hráefni sem er aðgengilegt efni sem auðvelt er að nálgast. Óunnið ullarreyfi er hægt að fá hjá fjárbónda til að nemendur sjái ullina eins og hún kemur af kindinni. Íslenska ullin hefur líka fylgt okkur frá ómunatíð og er hluti af menningu og sögu þjóðarinnar sem okkur ber að varðveita.

2. Saga þæfingar

2.1 Þófi og þæfing á Íslandi

Saga þæfingar á Íslandi er ekki löng og það hefur ekki verið hefð fyrir því að þæfa eins og við þekkjum í dag. Hér áður fyrr var vaðmál þæft og þrjónaðar flíkur þæfðar til að þær entust betur. Lítið er af heimildum um sögu þófa og þæfingar á Íslandi. Í heimildum er svo til eingöngu talað um að verið sé að þæfa vaðmál. „Tvistvoð var tilbúin að sníða og sauma úr, þegar hún kom úr vefstólnum, en ullarvoðir þurfti að þæfa áður. Var það oftast gjört undir fótum (fótapóf). Voðin var þá þvegin vel og undin nokkuð en síðan borin, þangað sem þæfa skyldi, á hreint trégólf. Til var að þófið hófst í bala (votapóf), áður en vaðmálið var undið upp. Oft stóð þófarinn á nærbuxunum einum, því að verkið var erfitt, ef það var sótt af kappi“. (Guðmundur Þorsteinsson). Við þæfingu á ull eins og við þekkjum hana í dag er þó talað um þófa eða söðulreiði sem er þekktur fram á síðustu öld.

2.2 Þófi

„Algengasta áreiði almennings frá þjóðveldi til iðnvæðdra söðlasmiða var þófinn, sem líka var kallaður söðulreiði. Þeir voru úr ýmsu efni en nafnið er dregið af ullarþæfu sem algengast var að nota í þófa. Í Búalögum er talað bæði um piltapófa og söðulþófa úr þeli og vísar til mismunandi notkunar eins og kemur fram þar sem menn tala ýmist um þófa eða söðulreiði. Þetta hefur sennilega verið landshlutabundið. Þá er átt við að piltapófi sé notaður einn og sér en söðulreiði eða söðulþófi er ætlaður, sem dýna, undir söðulinn. Þófar voru mikils virði og tíundaðir sem aðrar góðar eignir, svo sem þrír í Skálholti 1548 og tveir í Heydölum 1562 og fylgdi annar söðli sem kirkjan átti. Einnig er talað um gamlan lappaðan þófa og þófadýnu í virðingagjörð (eignamati) fyrir Höskuldsstaðakirkju árið 1785 og greinilega gerður munur á reiðþófa og þófa sem notaður var undir söðul eða hnakk“. (Sögusetur.is)

2.3 Þæfing í öðrum löndum

Til eru margar sögur um það hvernig menn uppgvötuðu þann eiginleika ullar að þæfast. Ein slík er sögd um örkina hans Nóa. Það var nefnilega þannig að vesalings kindurnar fengu ekki nóg að éta í örkinni og fóru að missa ullina. Ullarlagðar dattu á gólfið og kindurnar migu á þær og stöppuðu með fótunum, uppgvötaðist það seinna, eftir að þær höfðu yfirgefið örkina, að þær höfðu skilið eftir sig þæfða voð.

Saga þæfingar hefst 600–200 fyrir Krist í Asíu. Eftir því sem vitað er þá hafa menn upphaflega þæft ull eingöngu í Asíu og Evrópu. Hvorki fornleifar né sönnunargögn um þæfingu eða þæfða hluti hafa fundist í Suður- eða Norður-Ameríku. Ekki heldur í Ástralíu eða Afríku. Til Ameríku barst vitneskja um þæfingu ekki fyrr en með evrópskum hattagerðarmönnum. Margar

Ullarpóf

upprunapjóðir Suður-Ameríku nota flókahatta enn þann dag í dag en þessa tisku fengu þeir með Spánverjum sem hertóku land þeirra. Þæfing kom til Norður-Afríku, líklega á 8. öld frá Asíu. Hnakkavoðir/söðulklæði og ofnir ullarmöttlar sem síðan hafa verið þæfðir hafa verið notaðir í Ethíópíu.

Mismikil hefð er fyrir þæfingu á Norðurlöndum og hafa Finnar og Svíar átt samfellda sögu um þæfingu gegnum aldirnar. En um miðja síðustu öld var svo komið að þæfingin var að deyja út og sænskt handverksfólk tók sig til og fór að kenna þessi gömlu vinnubrögð.

Vísindamenn telja að þóf hafi verið meðal upprunalegustu textíltegunda en það er mjög erfitt að sanna slíkt, þar sem þóf eyðileggst auðveldlega og þess vegna hafa mjög fáir þæfðir munir varðveist. Aðferðin að þæfa á sennilega rætur sínar að rekja til asísku þjóðanna en meðal þeirra hefur þæfingin verið stunduð frá alda öðli, útbreiðsla hennar hefur verið hvað mest þar og notkunin mjög fjölbreytileg. Þarna hefur tæknin einnig þróast mest ef tekið er tillit til listrænna sjónarmiða og er hún mikilvæg í þjóðahefðinni. Fyrir nútíma þæfara er ástæða til að kynna sér bæði eldri og nýrri muni frá þessu svæði en þar er hægt að finna innblástur bæði í listrænu og tæknilegu sjónarmiði.

2.4 Þæfing á seinni tímum

Katarina Ågren hefur rannsakað þófhafðir í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eins og þær hafa þróast fram á okkar daga. Í Danmörku og á Færeyjum eru engar þófhafðir í heimilisiðnaði. Þóf hefur áður fyrr verið notað á Íslandi, en kunnáttan hafði ekki lifað fram á okkar daga. Í Íslendingasögum er talað um þóf og til eru einnig seinni tíma lýsingar á því hvernig söðulklæði voru þæfð. Varðveist hafa slitsterk söðulklæði og talið er að þau hafi einnig verið notuð ein og sér án þess að hafa söðul eða hnakk ofan á þeim.

3. Orðanotkun

Við höfum mikið velt fyrir okkur hvaða orð við ættum að nota yfir vinnuferlið á þæfingunni. Við völdum að nota orðin þæfing og þóf. Þæfing (tova) er heiti á því að volgu sápuvatni er hellt á kembda ull og hún unnin að dúkaefni eða flík.

Þóf er gamalt norrænt orð sem ásamt þæfingaraðferðinni hefur lifað í Norður-Svíþjóð allt fram á okkar daga. Orðið þóf fyrirfinnst einnig í norskum mállýskum, í íslensku og í færeysku. Fínnska orðið „huopa“ sem þýðir væðarvoð er komið af orðinu þóf. Þegar við nú á dögum tölum um að þæfa þá vísum við í allt ferlið, þ.e. þangað til ullin er orðin að tilbúnum þæfðum dúk eða hlut.

„Orðið **þæfing** er nú til dags haft um verknaðinn að **þæfa**. Engin dæmi eru um orðið í ritmálssafni Orðabókarinnar en þar eru dæmi um orðið **þóf** í sömu merkingu, allt frá síðari hluta 18. aldar. Í svörum við spurningalistum þjóðháttaeildar Þjóðminjasafnsins um ullar- og tóvinnu frá upphafi 20. aldar eru hins vegar fjölmörg dæmi um orðið **þæfing** og þar eru greinargóðar lýsingar á verklagi og orðanotkun og eru orðin **þóf** og **þæfing** notuð á víxl:

Þæfingu önnuðust karlmenn ævinlega það ég vissi til. Þeir voru staðsettir í baðstofum helst við rúmgafli öðrumegin og með borð hinumegin, handa þeim að halda höndunum í. Æfinlega var þæft undir fótum á palli, (þó sá ég menn hafa hurð undir þófi). Þófarar voru aðeins í nærbuxum og skyrtu og héldu svo vel áfram að þeir voru æfinlega kófsveittir. Oftast var voðin aðgætt einu sinni eða tvisvar meðan á þófinu stóð.

Í nútímamáli er orðið **þóf** algengast í yfirfærðri merkingu um vinnu sem gengur seint eða þref, þjark, karp o.þ.h., enda er ullar- og tóvinna almennt ekki lengur hluti af daglegu lífi fólks.“ (Orðabók Háskólans).

4. Efni og áhöld

Lítinn tilkostnað þarf að leggja út fyrir þeim áhöldum og efnum sem notuð eru við þæfingu.

- íslensk ullarkemba í ýmsum litum
- gömul handklæði
- bóluplast til að rúlla pófinu og halda vatninu í því
- bambusmotta til að rúlla pófinu í
- polyester grisjuefni til að breiða yfir ullina meðan þæft er
- vatnsbrúsi til að bleyta í ullinni. Hentugt er að nota úðabrusa eða litla drykkjarflösku og gera mörg en smá göt á lokið
- parketundirlag til að búa til snið úr (mjög meðfærilegt efni til að gera sniðin úr og hægt að nota aftur og aftur)
- frauðplastegg ef þæfa skal bjöllulaga form t.d. í fugl, engil eða aðrar figúrur
- plastpoka
- sápa, mild sápa t.d. Neutral handsápa sem er húðvæn og lyktarefnalaus
- 40–45 gráðu heitt vatn
- tölvuvigt er eini dýri hluturinn sem er í áhöldunum. Æskilegt er að kaupa í upphafi góða vigt með stórum tölustöfum
- skæri
- ýmiss konar efni til skreytingar s.s. garn, perlur, palliuttur og allt það sem nemendum dettur í hug að nota
- plastslanga (súrefnisslanga) fyrir höldur. Fæst í gæludýraverslunum
- þæfingarnál er gott að hafa þegar laga skal og bæta í ull á þunna staði í pófinu




4.1 Það sem þarf fyrir hvern nemanda

- handklæði
- bóluplast u.þ.b. 50 x 50 cm
- grisjuefni u.þ.b. 40 x 40 cm
- bambusmottu (diskamottustærð)
- úðabrusa eða plastflösku
- plastpoka
- sápu og vatn

5. Vinnulýsingar

5.1 Flatt stykki



Ullarkemba vigtuð.
Teiknið formið á bóluplastið með vatnsheldum tússpenna. Athugið að hafa formið u.þ.b. 30% stærra en endanleg stærð á að verða.



Ullarkemban rifin í sundur, hafið u.þ.b. 20 cm langt bil á milli handa. Sárið á ullarkembunni á að vera úfið.



Grunnlitur vigtaður. Í grunn 30x30 þarf um það bil 35 grömm. Ullinni er skipt í 3 jafna hluta.


Ullarpóf



Takið einn hluta og byrjið að leggja ullina þannig að hún snúi öll í sömu átt.



Ullin er lögð í örþunnt lag þannig að hún þeki flötinn.



Takið næsta hluta af ullinni og nú er lagt þvert á þann fyrsta. Þriðji hlutinn er svo lagður þvert á annan hlutann.

Ullarpóf



Grisjuefnið lagt yfir.



Byrjað er að bleyta út frá miðjunni.
Haldið áfram að bleyta ullina og ná loftinu úr henni.



Ekki er bleytt alveg út á kantana.
Þrýst mjög vel ofan á ullina þannig að allt loft sé farið úr henni.

Ullarpóf



Nú er allt loftið úr ullinni og óhætt að taka grisjuefnið ofan af. Efnið tekið varlega ofan af og haldið við ullina.



Nú er komið að því að laga kanta. Miðað er við formið sem strikað var á bóluplastið. Ullin er lögð inn undir kantana. Ef kantarnir verða of þykkir er slitið af þeim.



Kantar bleyttir og lagaðir um leið.

Ullarpóf



Nú er þófið tilbúið til myndskreytingar.
Myndskreytt er með þunnu lagi af ullarkembu.



Þar sem grunnurinn er blautur en ullin sem skreytt er með þurr er hægt að forma að vild á grunninn. Myndskreytingu er lokið og tilbúið til þæfingar.



Grisjuefnið lagt yfir og þófið nuddað varlega meðan myndskreyting er að festast. Kantar eru nuddaðir vel og lagfærðir ef með þarf.

Ullarpóf



Þófinu rúllað varlega inn í bóluplastið og athugað að ekki komi brot í það.



Síðan er öllu rúllað inn í handklæði.
Í fyrstu er rúllað varlega en síðar má herða tökin.



Rúllað í sundur og skipt um þæfingarátt.

Ullarpóf



Jafnóðum eru kantar og myndskreyting löguð ef þarf.



Rúllað áfram til skiptist á alla kanta. Nú má nota fastari handtök og rúlla þófið þétt.



Þegar þófið er orðið nokkuð þæft má taka það úr bóluplastinu og rúlla því inn í bambusmottunni. Skolið nú alla sápu úr stykkinu.

Ullarpóf



Þófinu er rúllað þétt inn í mottuna og athugað að ekki komi brot í það. Nú má þæfa fast og þétt þar til þófið er orðið það þétt að lítið sem ekkert er hægt að teygja á því. Munið að skipta um þæfingarátt svo jafnt þæfist á alla kanta.



Þófið er tekið úr bambusmottunni og kantar stroknir þéttingsfast með plastpoka. Einnig er strokið á réttunni og röngunni.




Myndin er tilbúin og sést vel hversu mikið ullin hefur þófnað miðað við upphaflegt snið.

Góð ráð:

Hægt er að nota hvaða form sem er en nauðsynlegt er að strika það inn á plastið til að auðveldara sé að leggja ullina og vinna með formið.

Ullarpóf



5.2 Utan um snið

Ullkemba vigtuð.

Snið er búið til úr parketundirlagi.

Teiknið sniðið á bóluplast.



Ullinni er skipt í 6 hluta (3 hluta á hvora hlið).

Ullin lögð ofan á áteiknað bóluplastið í þremur lögum eins og lýst var í vinnulýsingunni um flatt stykki. Miðjan bleytt.



Snið úr parketundirlagi lagt ofan á.

Ullarpóf



Ullin lögð inn á sniðið og bleytt.



Ullin lögð vel og þynnti inn á sniðið.



Ullin lögð í þremur lögum á misvíxl ofan á sniðið.

Ullarpóf



Grisjuefnið sett yfir og bleytt frá miðju. Lofti þrýst úr ullinni og strokið vel yfir.



Þófinu snúið við. Ullin sem nær út fyrir sniðið er lögð inn á þófið.



Leggið ullina vel þannig að ekki myndist brot.

Ullarpóf



Búið að þæfa þannig að ullin fellur þétt að sniðinu.



Klippt fyrir opi og snið tekið úr.



Þæft í kringum opið með plastpoka og inn í stykkinu.

Ullarpóf




Þæft er vel á öllum brúnum.



Nú er haldið áfram þar til fullþæft er í bambusmottunni. Stykkinu snúið reglulega eins og þegar flata stykkið er þæft svo jafnt þæfist á alla kanta. Skolið að lokum alla sápu úr stykkinu.

Góð ráð:

Með þessari aðferð er hægt að búa til buddur, töskur, skó o.fl.



5.3 Þæfður skór

Strikað eftir fæti á parketundirlag.

Bætið við 3 cm allan hringinn. Sniðið er klippt út 2 sinnum. Sama aðferð er síðan notuð og þegar þæft er utan um snið. Þegar snið er tekið úr er klippt fyrir opi frá rist og aftur úr (sjá rautt strik á sniði).

Skó þarf að þæfa mjög vel. Í lokin er gott að þæfa skóna og forma þá að fótunum. Farið þá í skóna og strjúkið yfir. Þegar skórnir eru þurrir má setja undirlag á þá úr leðri til að auka endingu þeirra.

Hér eru skórnir tilbúnir til notkunar.

Ullarpóf



5.4 Þæft utan um frauðplastegg

Ullarkemba vigtuð.

Bleytið eggjð svo ullin loði betur við það.

Ullin lögð utan á eggjð í þunnum lögum sitt á hvað.



Lagt utan á eggjð þar til öll ullin er búin og bleytt jafnóðum.



Ullinni þrýst þétt að egginu og það sett inn í plastpoka, allt loft tekið úr og snúið upp á opið. Þæft í plastpokanum eins og verið sé að hnoða bollu. Þegar ullin er farin að þófna svolítið er eggjð tekið úr plastpokanum og haldið áfram að þæfa.

Ullarpóf



Þegar ullin er orðin þéttþæfð utan um eggð er klippt gat við breiðari enda eggisins.



Eggð tekið úr og það sem klippt var af er geymt.



Plastið er sett inn í þófið og þæft með því að rúlla því fram og til baka. Skolið að lokum alla sápu úr stykkinu.

Ullarpóf



Bæði stykkinn fullþæfð.

Til dæmis er hægt að nota afganginn í vængi og bjallan er búkur.



Þæfð kúla er notuð fyrir höfuð og unginn er tilbúinn.

Góð ráð:

Í lokin er gott til að fá rétta formið á búkinn að setja þófið utan um frauðplastkeilu og þæfa.

Það form sem myndast þegar þæft er utan um frauðplastegg er hægt að nota t.d. sem bjöllu, bók fyrir fígúru og fleira.

Hægt er að þæfa utan um hvað sem er t.d. stein, spýtukubb o.fl. Það fer eftir hvaða formi er verið að leita að hverju sinni. Gott er að setja hlutinn í plastpoka svo ullin festist ekki við hann.

Ullarpóf



5.5 Þæft utan um hnykil

Ullarkemba vigtuð.

Hnykill úr lopa undinn upp í þá stærð sem óskað er. Ullin lögð utan á í þunnum lögum og bleytt jafnóðum.



Smám saman er bætt utan á og þæft þar til réttri stærð er náð. Skolið að lokum alla sápu úr stykkinu.



Svona lítur boltinn þá út, tilbúinn til notkunar sem höfuð á einhverja fígúru.

Góð ráð:

Þessi aðferð er góð þegar verið er að þæfa með börnum.

Ullarpóf



5.6 Þæfð kúla úr ullarkembu

Ullin er vigtuð.

Síðan er hún hnoðuð saman í kúlu.

Kúlan er höfð eins þétt og mögulegt er.



Kúlan er bleytt og byrjað að þæfa hana eins og verið sé að hnoða snjóbolta eða bollu.



Smám saman er þunnu ullarlagi bætt utan á kúluna og haldið áfram að þæfa þar til rétttri stærð er náð og kúlan er tilbúin.

Ullarpóf



5.7 Lengja þæfð

Æskileg lengd er tekin af ullarkembu og hún lögð á borð og tekið af köntum eins og myndin sýnir. Þannig eiga báðir kantar að líta út áður en byrjað er að þæfa, þ.e. þunnir og úfnir.



Nú er kembunni rúllað upp eins þétt og hægt er. Lengjan er bleytt örlítið og kreist úr henni loftið.



Síðan er lengjunni rúllað á milli handanna. Smám saman fer hún að þéttast.

Ullarpóf



Þegar lengjan er farin að þéttast er líka hægt að rúlla henni á borði.



Síðan er hægt að rúlla henni inn í bambusmottunni.



Ef síðar á að þæfa lengjuna við eitthvað annað er endunum haldið þurrum. Það er líka hægt að gera með því að binda plastbút yfir endana svo þeir blotni ekki.

Ullarpóf



Ætlunin er að búa til slöngu og þá er þæfðri kúlu stungið inn í þurra endann.



Þurru ullinni er vafið þétt utan um kúluna og reynt að hafa hana sem jafnasta að þykkt. Bleytt og þæft. Skolið að lokum alla sápu úr stykkinu.



Slangan tilbúin.

Ullarpóf



5.8 Forpæfð ull

Hægt er að léttþæfa ullarkembur í ýmsum litum og stærðum og nota þær til að búa til klippi-myndir ofan á grunn.



Grunnurinn er hafður léttþæfur þegar klippi-myndum er raðað ofan á og þæfast þær þá auðveldlega við.



Tilvalið er að skreyta myndina eftir hugmynda-flugi hvers og eins. T.d. með útsaumssporum, palliettum og perlum.

6. Hugmyndir að kennsluverkefnum

Á næstu síðum eru hugmyndir að kennsluverkefnum sem hægt er að hafa til hliðsjónar við undirbúning kennslu.



Ullarpóf



Ullarpóf



7. Hagnýt ráð

Tilvalið er að safna myndum úr dagblöðum og tímaritum til að nota í hugmyndavinnu með nemendum. Til dæmis:

- blómamyndum
- húsamyndum
- dýramyndum
- landslagsmyndum.

Skynsamlegt er að vigta grunnlitinn sem nota á hverju sinni. Nemendur geta átt erfitt með að gera sér grein fyrir magni sem þarf að nota. Ullarkemban er mjög drjúg og þarf því lítið magn í hvern hlut. Það auðveldar öllum vinnuna að vigta ullarkembuna í verkefni.

Hér eru nokkur dæmi sem viðmið sem við höfum unnið út frá:

- í flatt stykki (snið 30 x 30 cm) er vigtað u.þ.b. 35 gr
- í pennaveski (snið 25 x 15 cm) er vigtað u.þ.b. 2 x 15 gr
- þæft utan um egg (8 cm hátt frauðplastegg) er vigtað u.þ.b. 7 gr
- í skópar, stærð 40, er vigtað u.þ.b. 120 gr (60 gr í hvorn skó).

Hafið í huga að nota ekki of mikið vatn. Sem viðmið er ekki þörf á meira en 3-4 dl þegar verið er að þæfa flatt stykki 30 x 30. Stykkið þarf að vera vel rakt en ekki rennandi blautt.

Sápu er gott að mæla úr pumpubrúsa. 2 pumpur er nóg í 3-4 dl.

Nauðsynlegt er að skola alltaf alla sápu vel úr þegar stykkinn eru orðin fullþæfð.

Til að koma í veg fyrir að ullin sé of þunnt lögð þegar þæft er, er gott að bera þófið að ljósi þegar verkið er hálfnað, ef ljósið skín í gegn er ullin of þunnt lögð.

- ef ullin er of þunnt lögð er hægt að leggja þunna ullarkembu yfir og þæfa saman við. Hér er mjög gott að nota þæfingarnál til að lagfæra.
- ef illa gengur að fá ullina til að þæfast er líka gott að setja smá sápu í lófann og nudda yfir staðinn þar sem illa þæfist.

Til að fullvissa sig um að stykkið sé fullþæft er eftirfarandi gert:

- ef hægt er að teygja á stykkinu þarf að þæfa það meira
- ef lítið sem ekkert teygist á stykkinu er það fullþæft.

Í grunninn á þæfðum stykkjum hefur gefist vel að nota sauðalitina vegna þess að þeir virðast þæfast betur saman en kemísk lituð ull. Bæði er hægt að nota hreina sauðalitina í grunn og blanda hana með öðrum litum svo nokkuð öruggt sé að grunnur þæfist vel saman.

Ullarþóf

Þegar unnið er með nemendum verður að gæta þess að stykkinn hæfi aldri og getu hvers og eins. Þæfing er svolítið tímafrek og sem dæmi tekur 4 kennslustundir að þæfa flatt stykki og að þæfa kúlu tekur 2–3 kennslustundir. Þá er öll skreytingarvinna eftir.

Ef geyma þarf hálfþæft stykki er það sett ofan á bóluplastið og lagt þannig til þerris. Þegar vinna er hafin að nýju er stykkið bleytt og haldið áfram með þæfinguna.

Tvær auðveldar aðferðir til að blanda saman ull:

- fyrri aðferðin er að taka tvo liti eða fleiri og kemba þá saman með kömbum og þá fáum við blandaðan lit.
- seinni aðferðin er nota hendurnar og tæta eða rífa ullina saman.

8. Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla*. 1999. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík.
- Guðmundur Þorsteinsson. 1990. *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum*. Örn og Örlygur. Reykjavík.
- Halme Hilkkka, Vuorio Kaisa, Bask Llisa, Wennervirta Hanna. 1998. *Hannyrðir í 3. –6. bekk*. (þýð. Guðrún Hannele Henttinen). Námsgagnastofnun. Reykjavík.
- Helga Jóhannsdóttir. 1999. *Textílfraeði-Hráefni-práður-Voð. Sjálfútgefið. Selfoss*.
- Orðabók Háskólans.
- <http://www.lexis.is> (sótt 11. apríl 2005).
- <http://www.sogusetur.is> (sótt 23. mars 2005).
- Paetau Sjöberg. G. 1994. *Tova: Gammal téknik pá nytt satt*. Natur och kultur, LTS forlag. Stockholm.